

kvæmt rentukammerbrjefi 23. maí 1840, sbr. enn fremur landshöfðingjabrjef 6. júlí f. á. 91 (Stjtið. B, bls. 83) að heimta afgreiðslugjald af skipi, þó það komi inn á höfn, eða, eins 6. ágúst. og átti sjer stað í tilfelli því, er hjer ræðir um, leggist fyrir utan höfnina, ef það hvorki affermir þar nje fermir.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um lán 92
 handa sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. — Með brjefi þessu voru sýslunefnd Suður- 17. ágúst.
 -Þingeyjarsýslu veittar 1800 kr. að láni úr viðlagasjóði í viðbót við 5000 kr. lán, er sýslunefnd þessi hafði áður fengið úr sama sjóði handa Magnúsi Þórarinssyni á Halldórstöðum til að fullkomna tövinnuvjelar. Eiga nefndar 1800 kr. að endurborgast á næstu 20 árum með 90 kr. á ári auk 4% árlegra vaxta.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um 93
 hallærislán handa Húnavatns og Skagafjarðarsýslum. — Með brjefi þessu var Húna- 26. ágúst.
 vatns og Skagafjarðarsýslum heitið allt að 10000 kr. hallærisláni, hvorri um sig, úr landssjóði í sumar eða haust, með þeim kjörum að greiddir verði í árlega vexti 4 af hur draði af lánum þessum og þau sjálf endurborguð með $\frac{1}{10}$ árlega. En jafnframt var amtmanni boðið að hafa strangar gætur á því, að nefnd sýslufjelög taki ekki meira fje að láni en það, sem er óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra yfirvofandi manndauða í sýslum þessum.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um sölu á kirkjujörð 94
 — Með brjefi þessu var stiptyfirvöldunum tilkynnt að hans hátnign konunginum hafi 27. ágúst.
 þóknast 28. júlí þ. á. allramildilegast að fallast á, að jörðin Karlskáli í Reyðarfjarðarhreppi í Sudurmúlasýslu, sem nú er eign Dvergasteins prestakalls, verði seld ábúanda þeim, sem nú er á jörðinni, Eiríki Björnssyni, fyrir 4500 kr. þannig að kaupandi greiði af jörðinni eptir kaugin tíund og önnur gjöld til hins opinbera, sem á bændaeignum hvíla.

Jafnframt var stiptyfirvöldunum boðið að annast um, að söluverð jarðar þessarar verði, þegar er það greiðist, sett á vöxtu og geymt sem föst innstæða Dvergasteins prestakalls undir stjórn biskups.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um flutning á þingstað Seyðisfjarðarhreppi. — Út af erindi hreppsnefndarinnar í Seyðisfjarðar- 3. sept.
 hreppi 26. febr. þ. á. og meðmælum sýslumannsins í Nordurmúlasýslu, svo og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 17. maí þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að þingstaðurinn í Seyðisfjarðarhreppi verði eptirleiðis á Fjarðaröldu, þar sem hreppurinn á þar til hæfilegt hús.

Þetta bið jeg yður tilkynna hlutadeigendum.